

GJALDSKRÁ

Geislavarna ríkisins fyrir árið 2008.

1. gr.

Geislavarnir ríkisins innheimta gjald vegna lögbundins eftirlits með geislatækjum og geislavirkum efnum í samræmi við 5. og 17. gr. laga nr. 44/2002 um geislavarnir. Gjaldið skal vera sem hér segir:

	kr.
1. <i>Röntgentæki:</i>	
a) Föst röntgentæki til sjúkdómsgreiningar – myndataka fyrir hvert tæki til viðbótar á sömu deild	41.172 13.760
b) Föst röntgentæki til sjúkdómsgreiningar – skygging fyrir hvert tæki til viðbótar á sömu deild	51.383 17.203
c) Tölvusneiðmyndataeki fyrir hvert tæki til viðbótar á sömu deild	68.586 41.172
d) Færanleg röntgentæki til sjúkdómsgreiningar – myndataka fyrir hvert tæki til viðbótar á sömu deild	34.298 10.318
e) Færanleg röntgentæki til sjúkdómsgreiningar – skygging fyrir hvert tæki til viðbótar á sömu deild	41.172 13.760
f) Tannröntgentæki fyrir hvert tæki til viðbótar	20.527 8.543
g) Iðnaðarröntgentæki fyrir hvert tæki til viðbótar	34.319 17.203
h) Dýralækningaröntgentæki fyrir hvert tæki til viðbótar	34.319 10.318
i) Öryggisröntgentæki fyrir hvert tæki til viðbótar	23.971 10.318
j) Röntgentæki til efnarannsóknna og gæðaeftirlits í iðnaði fyrir hvert tæki til viðbótar	20.527 6.885
2. <i>Geislalækningataeki</i> fyrir hvert tæki til viðbótar á sömu deild	48.058 13.760
3. <i>Geislavirk efni, opnar geislalindir:</i>	
Rannsóknastofa í flokki A	54.825
Rannsóknastofa í flokki B	41.172
Rannsóknastofa í flokki C	27.413
4. <i>Geislavirk efni, lokaðar geislalindir:</i>	
Nifteindalindir fyrir hverja nifteindalind til viðbótar hjá sama aðila	34.287 13.760
aðrar lokaðar geislalindir fyrir hverja eins lind til viðbótar:	
4 eða færri til viðbótar á sama stað	8.543
fyrir hverja lind umfram 5 á sama stað	6.885
5. <i>Eftirlit með geislaálagi starfsfólks:</i>	
Filmumælingar, fyrir hverja filmu	566

2. gr.

Geislavarnir ríkisins innheimta gjald vegna mats á umsóknum um leyfi í samræmi við 7., 9. og 20. gr. laga nr. 44/2002 um geislavarnir. Gjaldið skal vera sem hér segir:

1.	<i>Vegna röntgentækja til sjúkdómsgreiningar:</i>	kr.
a.	Leyfi vegna nýrra tækja	8.543
b.	Leyfi vegna breytinga á eldri búnaði	6.885
2.	<i>Vegna iðnaðar-, öryggis- og efnarannsóknatækja:</i>	
	Leyfi vegna nýrra tækja og breytinga	6.885
3.	<i>Vegna lokaðra geislalinda:</i>	
a.	Nifteindalindir	10.318
b.	Aðrar geislalindir	8.543
4.	<i>Vegna opinna geislalinda:</i>	
a.	Ný starfsemi	
i	Flokkur A	13.760
ii	Flokkur B	10.318
iii	Flokkur C	6.885
b.	Árleg endurnýjun	
i	Flokkur A	7.441
ii	Flokkur B	6.885
iii	Flokkur C	5.100

3. gr.

Geislavarnir ríkisins annast innheimtu leyfis- og eftirlitsgjalda. Leyfis- og eftirlitsgjöld falla í gjalddaga við útgáfu reiknings með eindaga 30 dögum síðar.

4. gr.

Eigandi eða ábyrgðarmaður getur óskað eftir aukaeftirliti og skal þá greiða fyrir það sem um reglubundið eftirlit væri að ræða. Þurfi Geislavarnir ríkisins að endurtaka eftirlit vegna athugasemda sem gerðar voru við reglubundið eftirlit skal greiða fyrir það sem um reglubundið eftirlit væri að ræða.

5. gr.

Geislavarnir ríkisins innheimta gjald sem nemur 6.853 kr./klst. fyrir veitta þjónustu og verkefni sem stofnuninni er falið að annast eða hún tekur að sér samkvæmt lögum og reglugerðum.

6. gr.

Eftirlits- og leyfisgjöld eru tryggð með lögveðsrétti í eftirlitsskyldum tækjum í 2 ár eftir gjalddaga.

7. gr.

Fyrir hverja mælingu á geislavirkni skal stofnunin innheimta gjald, allt að upphæð kr. 16.978. Fyrir hverja yfirlýsingu um geislavirkni sem stofnunin lætur í té, skal innheimta kr. 2.887.

8. gr.

Gjaldskrá þessi, sem sett er með heimild í 19. gr. laga nr. 44/2002 um Geislavarnir ríkisins, staðfestist hér með til þess að gilda á árinu 2008 og öðlast þegar gildi.

Heilbrigðisráðuneytinu, 21. febrúar 2008.

Guðlaugur Þór Þórðarson.

Berglind Ásgeirsdóttir.

—————
B-deild – Útgáfud.: 7. mars 2008